




Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

***Ný samþykkt fyrir íbúaráð.***

Á fundi borgarstjórnar þann 18. júní 2019 var 8. liður fundargerðar forsætisnefndar frá 14. júní; samþykkt fyrir íbúaráð, samþykktur.

Það tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst



Helga Björk Laxdal  
e.u.

Hjálagt:  
Samþykkt fyrir íbúaráð 18. júní 2019

## Samþykkt fyrir Íbúaráð Reykjavíkur

### *Umboð*

#### 1. gr.

Íbúaráð starfa í umboði borgarráðs með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í samþykkt þessari, samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar og eftir því sem lög mæla fyrir um.

Íbúaráð starfa í eftirfarandi níu hverfum Reykjavíkurborgar; Árbæ og Norðlingaholti, Breiðholti, Grafarholti og Úlfarsárdal, Grafarvogi, Kjalarnesi, Háleitis- og Bústaðahverfi, Laugardal, Miðborg og Hlíðum ásamt Vesturbæ í samræmi við samþykktir borgarráðs um hverfaskiptingu í Reykjavík.

### *Verksvið*

#### 2. gr.

Íbúaráð skulu vinna að auknu íbúalýðræði innan borgarinnar og eru mikilvægur samráðsvettvangur Reykjavíkurborgar. Íbúaráð skulu stuðla að hvers konar samstarfi innan hverfisins, móta stefnu og gera tillögur til borgarráðs sem varða verksvið þeirra. Þá geta íbúaráð gert tillögur um samræmingu á þjónustu borgarstofnana í einstökum hverfum.

#### 3. gr.

Hlutverk íbúaráða er að styrkja tengingu og stytta boðleiðir milli íbúa og stjórnsýslu borgarinnar, stuðla að aukinni upplýsingagjöf til íbúa, styrkja möguleika þeirra til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og vekja athygli á áskorunum innan hverfisins.

Íbúaráð eru lifandi samstarfsvettvangur samráðs íbúa, bakhóps hverfisins, félagasamtaka, atvinnulífs og borgaryfirvalda. Íbúaráðin eru virkir þátttakendur í útfærslu á allri stefnumörkun hverfanna, ráðgefandi fyrir starfsemi þjónustumiðstöðva í hverfum og skulu stuðla að eflingu félagsauðs í hverfum Reykjavíkurborgar.

Þá stuðla íbúaráð að kynningu skipulags, framkvæmda og þjónustu borgarinnar í hverfunum og beita sér fyrir því að samráð verði haft við íbúa, allt eftir eðli máls hverju sinni. Íbúaráð skulu fá til kynningar auglýstar breytingar á skipulagsáætlunum er snerta hverfið, meginbreytingum á þjónustu auk kynninga á stærri framkvæmdum s.s. við umhirðu borgarlandsins og vor- og vetrarþjónustu.

Íbúaráðin skulu fá tækifæri til að hafa áhrif á fjárfestinga- og viðhaldsáætlun hverfisins eins snemma og unnt er. Það skal m.a. gert með samráðsfundum þar sem forgangsröðun verkefna verður kynnt og þar sem íbúaráðin fá tækifæri til að koma áherslum íbúa á framfæri og gera tillögur um forgangsröðun framkvæmda í hverfinu.

Íbúaráðin veita menningar- og félagshúsum svæðisins s.s. bókasöfnum og félagsmiðstöðvum ráðgjöf um þróun og nýtingu á þann hátt sem nýtist íbúum sem best.

Íbúaráðin skulu afla sér upplýsinga frá fulltrúum skólaráða, leikskóla, skóla, frístundamiðstöðva sem og frá foreldrafélögum sem sitja í bakhópi íbúðaráðanna. Íbúaráðin skulu hafa frumkvæði að því að miðla upplýsingum og koma á framfæri ábendingum.

Íbúaráðin skulu úthluta fjármunum úr hverfissjóði í samræmi við úthlutunarreglur sjóðsins og reglur Reykjavíkurborgar um styrki. Íbúaráð skulu einnig hafa aðkomu að úthlutun úr Forvarnarsjóði Reykjavíkurborgar.

### *Skipan*

#### 4. gr.

Íbúaráð eru skipuð sex fulltrúum. Borgarstjórn kýs þrjú fulltrúa og þrjú til vara. Tveir fulltrúar borgarstjórnar að lágmarki skulu vera úr hópi borgarfulltrúa eða varaborgarfulltrúa. Einn fulltrúi og annar til vara er skipaður af íbúasamtökum hverfisins og einn fulltrúi og einn til vara af foreldrafélögum hverfisins. Einn fulltrúi og annar til vara er valinn með slembivali úr hópi íbúa hverfisins. Borgarstjórn kýs formann íbúaráðs úr hópi kjörinna fulltrúa en íbúaráðin skipta að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil íbúaráðs er hið sama og borgarstjórnar.

Fulltrúar í íbúaráðum skulu að jafnaði hafa sterka tengingu við viðkomandi hverfi, helst með eigin búsetu. Fulltrúar íbúasamtaka og foreldrafélaga skulu vera búsettir í hverfinu.

Íbúaráð geta í sérstökum tilfellum skipað undirnefndir til að fjalla um afmarkaða málaflokka. Ákvörðun um skipun undirnefndar skal tilkynna borgarráði.

Um hæfi kjörinna fulltrúa og starfsmanna vísast í samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.

### *Verkstjórn og verkaskipting*

#### 5. gr.

Formenn íbúaráða eru í forsvari fyrir þau um stefnumótun og ákvarðanir þeirra eftir því sem við á. Mannréttindastjóri ber ábyrgð á rekstrarkostnaði og framkvæmd ákvarðana íbúaráðanna.

### *Boðun funda og fundarsköp*

#### 6. gr.

Íbúaráð halda að jafnaði fundi mánaðarlega. Formaður getur boðað til aukafunda eftir þörfum. Komi fram ósk þriggja ráðsmanna um fund í ráðinu ber að verða við því. Fella má niður fundi í alls tvo mánuði að sumarlagi.

Formaður íbúaráðs boðar til funda, ákveður dagskrá í samráði við starfsmann íbúaráða og stýrir fundum ráðsins. Á dagskrá skulu m.a. tekin mál, sem fulltrúar í ráðinu eða íbúar hafa óskað eftir að tekin verði þar fyrir, enda séu þau á verksviði íbúaráðsins. Reglulegir fundir skulu boðaðir með a.m.k. viku fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboði auk þess sem birta skal hana á opnum vef Reykjavíkurborgar ásamt fundargögnum. Rafræn boðun fundar og útsending fundargagna telst fullgild boðun. Aukafundi skal boða með a.m.k. sólarhrings fyrirvara ef því verður við komið.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í ráðinu þótt ekki sé það tilgreint á útsendri dagskrá, en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar sé þess óskað. Um fundarsköp fer eftir samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, eftir því sem við á.

Starfsmaður íbúaráða, skal sitja fundi íbúaráðs með málfrelsi og tillögurétt. Þá getur ráðið boðað til fundar einstaka starfsmenn Reykjavíkurborgar, sem og aðra þá sem það telur þörf á hverju sinni.

### *Fundaskipulag og ritun fundargerða*

#### *7. gr.*

Fundir íbúaráða eru opnir en heimilt er að ákveða að einstök mál skuli rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis máls. Formaður eða íbúaráðið geta jafnframt ákveðið að ræða fyrir luktum dyrum tillögu um lokun fundar. Þrátt fyrir að fundi sé lokað er heimilt að ákveða að tilteknir starfsmenn Reykjavíkurborgar séu viðstaddir. Óheimilt er að greina opinberlega frá umræðum á lokuðum fundi íbúaráðs.

Íbúaráð skulu halda gerðabók og senda eftirrit fundargerða til borgarráðs jafnóðum. Um ritun fundargerða fer eftir leiðbeiningum innanríkisráðuneytisins um ritun fundargerða sveitarstjórna, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga, sbr. 15. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013 og verklagsreglum skrifstofu borgarstjórnar.

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa sér um skrifstofuhald fyrir íbúaráðin og leggur því til fundarritara. Í upphafi árs skal kynna fundadagatal íbúaráðs.

### *Bakhópar íbúaráða*

#### *8. gr.*

Íbúaráð skulu stofna bakhóp hverfisins með því að samþykkja tilnefningaraðila sem heimilað verður að tilnefna fulltrúa í hópinn.

Bakhópur skal skipaður fulltrúum íbúasamtaka. Þjónustumiðstöðva, skólaráð, foreldrafélaga, ungmennaráða, notendaráða þjónustumiðstöðva, atvinnurekenda, starfsmönnum leik- og grunnskóla auk fulltrúa grasrótarsamtaka í hverfinu og öðrum þeim sem tengjast hagsmunamálum hverfisins.

Íbúaráð skulu halda tvo opna fundi á ári með bakhóp hverfisins auk þess sem fulltrúar í bakhóp eru boðaðir á reglulega fundi íbúaráða.

#### *9. gr.*

Samþykkt þessi tekur þegar gildi og fellur þá jafnframt úr gildi samþykkt fyrir hverfisráð Reykjavíkurborgar frá 19. júní 2003, með síðari breytingum.

Gildistöku 1. mgr. um slembivalinn fulltrúa íbúðaráðs er frestað þar til Reykjavíkurborg hefur samþykkt tillögu að fyrirkomulagi slembivalis sem er í samræmi við ákvæði laga um persónuvernd.

*Samþykkt í borgarstjórn*

*18. júní 2019*